

**F. Vestfirðir.****87**

29. ágúst

Frá línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að 21°20' v. lg., eru botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiðar óheimilar innan fiskveiðilandhelginnar allt árið.

**2. gr.**

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnins, og ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 70 30. júní 1958.

**4. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1958.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1958.*

**Lúðvík Jósefsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ****88**

25. júlí

**fyrir vistheimilið í Breiðuvík.**

**1. gr.**

Stjórn vistheimilisins er í höndum þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar. Ráðherra skipar einnig forstöðumann heimilisins að fengnum tillögum stjórnarnefndarinnar. Annað starfsfólk ræður stjórnarnefnd heimilisins í samráði við forstöðumann.

**2. gr.**

Heimilið er fyrir drengi, sem framið hafa lögprot eða eru á annan hátt á glapstígum. Barnaverndarnefndir og skólanefndir eða eftir atvikum barnaverndarráð ákveða, að höfðu samráði við stjórnarnefndina, hverjir vist hljóti á heimilinu.

**3. gr.**

Áður en dreng er veitt viðtaka á heimilið, skal stjórnarnefndin kynna sér aðstæður allar í máli hans, þ. á m. hver sé afstaða foreldra hans eða forráðamanna til vistarinnar.

Þá skal nefndin gæta þess, að lækni rannsaki rækilega heilsufar drengsins og sömuleiðis þess, að sálfræðingur hafi áður athugað hann, ef þess er nokkur kostur.

Skal eftirrit af umsögnum þessara sérfræðinga, svo og umsögn barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs) um drenginn sendast forstöðumanni heimilisins.

**4. gr.**

Vistdregjum skal séð fyrir lögskipaðri fræðslu. Skal í vistheimilinu vera kennari allt árið, sem annist kennsluna og aðstoði við uppeldisstörf á heimilinu. Vistdregjum skal séð fyrir nauðsynlegum tækjum til íþróttaiðkana.

## 5. gr.

Læknisrannsókn skal fara fram á drengjunum a. m. k. tvisvar á ári. Skulu þeir vegnir og hæðarmældir, er þeir koma á heimilið og er þeir fara þaðan. Stjórnarnefnd skal, er þörf krefur, fá sérmenntaðan mann í uppeldisfræði eða sálarfræði til þess að athuga andlega heilbrigði, líðan og hegðun drengjanna.

## 6. gr.

Forstöðumaður annast daglega umsjón og stjórn á heimilinu. Hann skal hafa eftirlit með hegðun og háttsemi drengjanna utan heimilis sem innan.

Forstöðumaður skal sjá drengjunum fyrir vinnu við þeirra hæfi, meðan þeir dveljast á heimilinu. Skal þess gætt, að vinnustundafjöldi sé að jafnaði eigi meiri en 7 stundir hvern virkan dag. Meðan kennsla fer fram skal drengjum á skólaaldri eigi haldið að vinnu, nema sem svarar einni klukkustund á dag.

## 7. gr.

Forstöðumaður skal halda dagbók fyrir heimilið. Skulu þar skráð helztu atvik, er varða málefni þess og annað, er máli þykir skipta um rekstur heimilisins. Hann skal enn fremur halda spjaldskrá um drengina. Skulu þar tilfærð helztu atriði varðandi feril þeirra.

## 8. gr.

Nú telur forstöðumaður, að dreng sé eigi lengur þörf hælisvistar, og skal hann þá skýra stjórnarnefndinni frá því, en hún ákveður að höfðu samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd, skólanefnd eða barnaverndarráð, hvort dvöl skuli lokið.

Telji forstöðumaður, að lengri dvöl sé dreng nauðsynleg en honum var í fyrstu ákveðin, skal hann skýra stjórnarnefndinni frá því með fyrirvara, og tekur hún þá ákvörðun um, hvort dvöl skuli framlengd.

Ella lýkur dvöl drengs, þegar sá tími er liðinn, sem honum var ætlað að dveljast á heimilinu.

## 9. gr.

Nú hefur drengur lokið vist á heimilinu, og skal þá stjórnarnefndin ásamt viðkomandi barnaverndarnefnd veita honum atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við hans hæfi, ef eigi er með öðru móti tryggt, að hann hljóti viðunandi vist og aðbúnað.

## 10. gr.

Forstöðumaður skal gæta þess, að fæði sé nægilegt og hollustusamlegt og að matmálstímar séu reglubundnir og hæfilega langir. Skal hann enn fremur ganga ríkt eftir, að drengirnir hlýði hreinlætisreglum heimilisins og reglum um fótaferð og náðir.

## 11. gr.

Stjórnarnefnd og forstöðumaður setja reglur um hegðun og umgengni vistdrengja og heimilisaga. Skulu þær bornar undir menntamálaráðuneytið til staðfestingar. Forstöðumaður sér um, að reglunum sé framfylgt.

## 12. gr.

Ef drengir hafa ekki með sér vinnufatnað og annan nauðsynlegan útbúnað, skal heimilið láta þeim í té það, sem þeir þarfnast af fatnaði, og nær það einnig til hlífðarfata við útivinnu.

## 13. gr.

Þegar drengur verður sjúkur, skal annast um hann eftir ráði héraðslæknis. Sé sjúkdómur hættulegur, skal gera nánustu vandamönnum drengsins aðvart, ef unnt

er. Hafi drengur næman sjúkdóm, skal gætt ýtrustu varúðarráðstafana í því skyni að aðrir vistmenn smitist eigi.

88  
25. júlí

14. gr.

Vistheimilið skal jafnan hafa búrekstur, garðrækt, grasrækt og búfénað, svo og sjóróðra að vor- og sumarlagi. Skal stefnt að því að fullnægja þörfum heimilisins um matjurtir og aðrar landbúnaðarvörur. Þá skal framleidd söluvara eftir því sem aðstæður leyfa.

Stefna skal að því að koma upp léttum iðnaði eða handiðum, svo að drengirnir geti stundað innivinnu á veturna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29/1947, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 25. júlí 1958.*

Gylfi P. Gíslason.

*Birgir Thorlacius*

## AUGLÝSING

um framlengingu ökukennararéttinda.

89  
31. jan.

Með skírskotun til þess, að í gildi eru komin ný umferðarlög og að í undirbúningi eru nýjar reglugerðir samkvæmt þeim, framlengjast hér með til 31. desember 1958 löggildingar til ökukennslu, skv. 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. áður gildandi bifreiðalaga, sbr. 31. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. enn fremur reglugerð nr. 178. 13. des. 1948, um kennslu og próf bifreiðarstjóra og auglýsing nr. 89 20. maí 1957.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 31. janúar 1958.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

*Ragnar Bjarkan.*

## AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fódurblöndum.

90  
5. júlí

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fódurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1958.

*Landbúnaðarráðuneytið, 5. júlí 1958.*

Hermann Jónasson.

*Þorv. K. Þorsteinsson.*